

Bláskógabyggð
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 21. nóvember 2024
UST202410-096/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 og nýtt deiliskipulag - Útey 2

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógabyggðar er barst 10. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi fyrir Útey 2.

Í erindinu kemur fram að breytingin nær til þess hluta af frístundasvæði F21 sem er innan Úteyjar 2 auk nýrra svæða austan Laugarvatnsvegar. Reitur F21 nær yfir nokkrar jarðir en í breytingu þessari er aðeins lagt til að breyta þeirri landnotkun sem er innan Úteyjar 2 og í henni felst tilfærsla á frístundasvæði í landbúnaðarsvæði og öfugt. Auk þess segir að lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæða F110, F111, F112 og F113 sem skilgreind eru í aðalskipulagsbreytingu innan jarðar Úteyjar 2. Innan deiliskipulagsins eru skilgreind fjögur mismunandi svæði; Lyngheiði þar sem skilgreindar eru fimm lóðir, Brúsholt þar sem skilgreindar eru sex lóðir, Bleiksholt þar sem skilgreindar eru átta lóðir og Tjarnholt þar sem skilgreindar eru 12 lóðir. Allar lóðir skipulagsins eru skilgreindar 7.500 m² og miðast byggingarmagn innan þeirra við hámarksnýtingarhlutfall 0,03 og innan þeirra má byggja frístundahús, 40 m² gestahús og 15 m² skemmu.

Umhverfisstofnun veitti umsögn varðandi verkefnið á lýsingarstigi.¹ Greinilegt er að við gerð skipulagsins var leitast eftir að hanna frístundabyggðina með tilliti til þeirrar líffræðilegu fjölbreytni sem er á svæðinu og tekið var tillit til ábendinga stofnunarinnar að mörgu leyti.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að vegna nálægðar frístundabyggðarinnar við Laugarvatn þarf að fjalla um áhrif deiliskipulagsbreytingarinnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027.² Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

¹ <https://skipulagsgatt.is/files/c9d468a6-56a8-41f6-8e11-ae31fbb6dcf9>

² <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaetlun-2022-2027/>

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrir séð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi, m.a. byggingarleyfi, séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdanna á viðkomandi vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Þá eru metin áhrif framkvæmdanna á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið til ástandsflokkunar fyrir tiltekin vatnshlot til að meta hvort framkvæmdirnar geti valdið því að umhverfismarkmið vatnshlotsins náist ekki vegna þeirra. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.³

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

³ [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)